

4
4. janúar

8. gr.

Stjórnin vinnur störf sín endurgjaldslaust, þó má hún reikna sjer sann-
gjarna þóknun fyrir ómak út af fjelagssvæðinu. Leggur aðalfundur úrskurð
á þá reikninga stjórnarinnar.

9. gr.

Skyldir skulu jarðeigendur að leyfa, að vegurinn sje lagður þar sem
vegamálastjóri og vegarstjórn ákveða.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, alt að 200 kr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28.
nóvember 1919, staðfestist hjermeð, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1923.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.

5
4. janúar

REGLUGJÖRÐ

fyrir

rafveitu Akureyrar.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Akureyrar er fyrirtæki, sem bæjarstjórn Akureyrar stofnar til
á kostnað bæjarsjóðs, í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana
til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa.

2. gr.

Stjórn rafveitumála.

Yfirstjórn rafveitumála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en fram-
kvæmdarstjórnin skal falin rafveitunefnd, er bæjarstjórnin kys, ásamt rafveitu-
stjóra, sem bæjarstjórnin skipar eftir tillögum rafveitunefndar, og skal hann hafa
sjerþekkingu í raffræði. Bæjarstjórnin setur honum erindisbrjef.

Rafveitunefndin skal skipuð bæjarstjóra og tveim til fjórum öðrum mönnum, er bæjarstjórnin kýs samkvæmt fyrir mælum í samþykkt um stjórn bæjarmál-⁵ efna Akureyrar, og er hún, ásamt rafveitustjóra, rafveitustjórn. Rafveitustjóri er framkvæmdarstjóri rafveitunnar. ^{4. janúar}

3. gr.

Verksvið rafveitustjórnar.

Rafveitustjórn hefir á hendi stjórn rafveitunnar, sjer um viðhald og umbætur og alt, er að starfrækslu veitunnar lýtur, sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal og gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand veitunnar, og senda henni ársreikning veitunnar fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Rafveitustjórn semur tillögur um en bæjarstjórn setur nánari reglur eftir því sem þörf gerist um einstök atriði þessarar reglugjörðar. Hún semur tillögur til gjaldskrár fyrir rafveituna, undirbýr og annast framkvæmdir allra rafveitumála bæjarins.

Bæjarstjórn skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, og viku þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum rafveitustjórnar, en rafveitustjórn setur þeim erindisbrjef.

4. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri annast daglega starfrækslu veitunnar, eftirlit og viðhald á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði, og allar verklegar framkvæmdir, er snerta veituna, þar á meðal þær, sem miða að því að halda uppi stöðugum rekstri og bæta úr truflunum. Hann hefir og umsjón með raflagningum í bænum.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

5. gr.

Sala á raforku.

Rafveita Akureyrar selur raforku til þeirra þarfa, sem umgetur í 1. gr., eftir því sem afl endist, alstaðar þar sem lagnir hennar ná til, og við því verði, sem ákveðið er í gjaldskrá veitunnar á hverjum tíma. Raforkan skal seld sem einfasa eða þrífasa breytistraumur með 220 volta spennu og 50 sveiflur á sekúndu. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í tje raforku með annari spennu,

5

4. janúar

6. gr.

Takmörkun eða truflun á rekstri.

Rafveitustjóri getur lokað fyrir strauminn á helgidögum, á þeim tíma sem heimilisnotkun er alment minnst, og að nóttu til í júní og júlí í því skyni að eftirlíta veituna, svo og endranær, ef þörf gerist. Meðan verið er að leggja heimsaugar má taka spennuna af þeim götutaugum, sem nauðsyn krefur. Alla stöðvun á rekstri skal auglýsa fyrirfram, ef auðið er. Komi það fyrir, að minka þurfi notkun á raforku, um lengri eða skemri tíma, ákveður bæjarstjórn, eftir tillögum rafveitustjórnar, hver notkunin skuli fyrst takmörkuð.

Stöðvun eða takmörkun á rekstri rafveitunnar hefir ekki neinar skaðabótaskyldur á hendur veitunni í för með sjer, en koma skal reglulegum rekstri á aftur eins fljótt og auðið er.

Þeir, sem kaupa raforku við föstu árgjaldi, fá endurgreiddan tiltölulegan hluta af gjaldi sínu, fyrir þann tíma, sem þeir missa raforkunnar, vegna truflunar á veitunni, þó ekki fyrir skemri tíma en tvo sólarhringa.

7. gr.

Umsóknir og uppsögn.

Umsókn um raforku svo og raflagningu í hús, eða aukning eða breyting á húsveitu sem fyrir er, skal stíluð til rafveitustjórnar. Eyðublöð undir slíkar umsóknir lætur rafveitustjóri í tje. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf og til hverra nota það er ætlað.

Uppsögn eða breyting á notkun raforku (við flutning og þ. l.) skal tilkynt rafveitustjóra með að minsta kosti hálfsmánaðar fyrirvara.

8. gr.

Raflagning.

Rafveitan leggur húsálmur frá götulögnum inn fyrir húsvegg að stofnvari, enda eru húsálmur og stofnvar eign hennar. Umsækjandi (sbr. 7. gr.) skal láta löggiltan rafvirkja leggja húsveituna, eða rafveitustjóra, taki rafveitan slíkt verk að sjer, en sjálfur stendur hann straum af kostnaðinum.

Rafveitustjóri ákveður hvers kyns mælitæki skulu notuð fyrir húsveitu hverri, hann ákveður og stað fyrir þau og annast uppsetning þeirra, sölu eða leigu.

Sjerhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglum rafveitunnar.

9. gr.

Löggilding rafvirkja. Rafveitureglur.

Rafveitustjórn löggildir þá menn til lagninga á húsveitum, er sýnt hafa

að þeir sjeu hæfir til þess með því að fullnægja löggildingarskilyrðunum. Þessir menn kallast löggiltir rafvirkjar, og skal rafveitustjórn ákveða löggild-⁵ 4. janúar ingarskilyrði og setja reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, er falla undir verksvið þeirra. Engir aðrir en þeir, sem löggiltir eru, mega taka að sjer lagningu á húsveitum, eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snerti taugakerfi rafveitunnar.

Rafveitustjórn getur, þegar henni þykir ástæða til, ákveðið verðlag á efni og vinnu rafvirkja.

10. gr.

Eftirlit með húsveitum.

Rafveitustjóri hefir eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýting á rafmagni, og er starfsmönnum rafveitunnar heimill aðgangur til eftirlits á öllum sanngjörnum tíma eða þegar nauðsyn krefur. Gallar á húsveitum skulu tafarlaust bættir á kostnað eiganda. Sjeu gallar ekki bættir, eða meðan galli er á veitu og hætta getur stafað af honum fyrir reksturinn, getur rafveitustjóri rofið samband við veituna þar til úr er bætt. Verði uppvíst að rafmagn sje notað á annan hátt en um var samið, eða raskað hefir verið mælitækjum, skal rafveitustjórn meta það rafmagn sem notað hefir verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir það þrefalt verð eftir gjaldskránni, fyrir allan þann tíma, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til að leiðrjett er, nema þyngri refsing liggi við. Við endurtekning skal rjúfa samband við veituna, og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerst.

11. gr.

Vangreiðsla.

Sje gjald fyrir raforku eigi greitt á rjettum gjalddaga, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en 3 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda, er afhent honum eða afhent í húsnaði því, er veita hans er í. Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

12. gr.

Hegningarákvæði.

Brot gegn reglugjörð þessari eða gegn reglugjörðum og reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum alt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann. Sektir renna í bæjarsjóð Akureyrar.

5

4. janúar

13. gr.

Með mál útaf brotum á reglugjörð þessari eða á reglum og reglugjörðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, um rafmagnsveitur, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1923.

Kl. Jónsson.

Óddur Hermannsson.

6

4 janúar

GJALDSKRÁ

fyrir

rafveitu Akureyrar.

1. gr.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hjer segir:

- a. Þar sem orkan er notuð aðallega til ljósa, verður hún seld um kílóvattstundamæli fyrir 45 aura hver kwst. (= kílóvattstund).
Raforku til lækninga má þó selja lægra verði, enda gjöri rafveitustjórn sjerstakan samning í hvert skifti, og ber þá að taka tillit til, á hvaða tíma dags orkan er notuð.
- b. Þar sem orkan er notuð til ljósa og auk þess hlutfallslega að verulegum mun til suðu, hitunar og þ. l., má selja hana um hemil fyrir 400 krónur hvert kílóvatt um árið.
- c. Þar sem orka til suðu, hitunar og þ. l. er mæld sjerstaklega (engin ljós á sama mæli eða hemli), má selja hana:
 1. um hemil fyrir 300 krónur hvert kílóvattár, eða
 2. um mæli fyrir 12 aura hverja kwst.
- d. Til iðnaðar verður orkan seld:
 1. um hemil fyrir 350 krónur hvert kílóvattár, eða
 2. um mæli fyrir 25 aura hverja kwst.